



# Kynvitund og umhverfisáhrif

Verkefni styrkt af Sprotasjóði

**Verkefnastjóri:**

Hulda Hlín Ragnars

# Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

## Umsókn nr. UMS-43

**Nafn skóla:** Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

**Nafn verkefnis:** Kynvitund og umhverfisáhrif

**Nafn verkefnisstjóra:** Hulda Hlín Ragnars

### Markmið verkefnisins

Markmið verkefnis var á fyrri önn að hanna og finna nýtt og aðgengilegt námsefni til að styrkja nemendur í heilbrigðri kynvitund og gera þau meðvituð um að dæma sjálf hvað sé rétt og rangt í umgengni hvert við annað, í sínu nærumhverfi og þeim fjölmiðlum sem dynja á þeim

Á seinni önninni var áætlað að kenna áfangann með nýju námsefni þar sem nemendur fræddust um dökkar hliðar mansals, nauðgana og afleiðingar þeirra bæði fyrir þolendur, gerendur. Einnig var áhersla á rafrænan heim sem þessi aldurshópur er mjög virkur í, auglýsingar, tónlistarmyndbönd og kvikmyndir sem oft eru uppfullar af óraunsæjum staðalmyndum. Markmiðið var einnig að gera könnun á viðhorfum nemenda skólans í samstarfi við nemendur áfangans

### Leiðir sem valdar voru að markmiði

Í fyrri hluta verkefnisins var lagt upp með að finna hvað það væri sem gæfi nemendum sem besta sýn á þessa veröld og styrkja þau í heilbrigði kynvitund. Síðan var farið að kanna efni sem tengdist þeim þáttum sem ákveðið var að kenna í áfanganum og námsefni samhliða því búið til. Eftir þá rannsóknarvinnu var áfanganum skipt upp í þá þrjá námsþætti sem þóttu mikilvægastir. Í fyrstu lotu var fjallað um kynvitund, femínista, karlmennsku, kvenleika, kynjaskekkju og jafnrétti. Í annarri lotu var fjallað um kynbundið ofbeldi, klám, vændi og mannsal. Í þriðju lotu var svo fjallað um samfélagið, vinnumarkaðinn, fjölmiðla og stjórnsmál. Námsefnið er að miklu leyti uppbyggt á umræðunni í samfélaginu hverju sinni, hvað er helst á baugi í alheimssamfélaginu og það sem liggur nemendum á brjósti. Þessum umræðum fylgja fjölmargar greinar sem nemendur lesa til að dýpka skilning sinn á kynvitund. Meðfram þessari vinnu eru lögð fram fjölmörg verkefni sem tengjast mikið til því sem er að gerast í þjóðfélaginu hverju sinni. Meðal verkefna sem sett voru fyrir nemendur var Facebook-greining en í því verkefni áttu nemendur að skoða Facebook-síðu hjá tveimur einstaklingum (einum stráki og einni stelpu) og reyna að sjá hvernig samfélag sem við búum í er út frá kynjafræðilegri nálgun. Í áfanganum héldu nemendur dagbók og í hana áttu nemendur að skrá allt sem vakti athygli þeirra á tímabilinu og tengdist námsefninu. Í upphafi áfangans var sett upp sér Facebook-síða fyrir hópinn og þar settu nemendur inn allar þær fréttir og greinar sem vöktu áhuga þeirra og varð oft mjög mikil umræða um þær fréttir og greinar á síðunni. Sömuleiðis voru settar þar inn greinar og hugrenningar til að fá nemendur til að hugsa með kynjagleraugum. Nemendur voru mjög virkir í þessum áfanga en þáttaka og umræður eru lykilatriði í þessum áfanga.

Á þessum tíma var unnin sú grunnvinna sem þarf þegar byrjað er á nýjum áfanga og til að viðkomandi áfangi falli að námskrá skólans. Að miklu leyti var sú grunnvinna að skilgreina þau hugtök og kenningar sem allsráðandi eru í jafnréttisfræðum og útfæra þau þannig að nemendur átti sig á hugmyndinni og skilji þessi hugtök og kenningar betur. Það var mikið til gert með viðtölum við sérfræðinga á þessu sviði en þannig var auðveldara að finna það út hvernig best var að matreiða þetta fyrir nemendur. Einnig voru íslenskar og erlendar greinar sem fjalla um viðkomandi greinarflokk skoðaðar vel og margar sem nýttar voru í styðja við námsefnið.

Seinni hluti verkefnisins byggðist á kennslu áfangans út frá því námsefni og þeim áherslum sem unnið var með í fyrri hlutanum. Auk þess voru viðhorf nemenda sem skráð voru í félagsfræði könnuð af nemendum í áfanganum og unnið með þær úrlausnir í tímum. Í upphafi og í lok áfangans var gerð könnun hjá nemendum áfangans um þeirra eigin viðhorf til að skanna hvort einhverjar viðhorfsbreytingar hefðu átt sér stað eftir að hafa setið áfangann.

### **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Áætlað var að gera könnun á viðhorfum nemenda í skólanum í samstarfi við nemendur áfangans. Þetta reyndist erfitt að koma við þar sem veikindi undirritaðrar stóðu í vegi fyrir þeirri framkvæmd. Næst besti kosturinn var valin en ákveðið var að kanna viðhorf nemenda í félagsfræði, öllum áföngum. Það skilaði ágætis sýn á hugmyndir nemenda og ekki bara nemenda á félagsfræðabraut því félagsfræði 103 er skylduáfangi fyrir allar bóknámsbrautir skólans.

### **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Helsta hindrun í vinnu við verkefnið voru veikindi undirritaðrar og tímamörk. Á fyrri önninni gekk vel að vinna með námsefni og hanna áfangann en þegar kom að framkvæmd kennslu og kanna viðhorf nemenda þá komu veikindin í veg fyrir að hægt væri að klára þann hluta á sannfærandi hátt. Til viðbótar bættist síðan við verkfall framhaldskólakennara, undirrituð tók að sér fagstjórn félagsgreinadeildarinnar. Vegna þess varð að gera tilraun tvö sem að setti öll tímamörk úr skorðum. Skilin á lokaskýrslunni töfðust mun lengur en gert var ráð fyrir þar sem náskrárvinna og hönnun nýrra áfanga á öllum brautum skólans bættist ofan á hefðbundna kennslu. Þrátt fyrir þessar hindranir hefur tekist að vinna þetta á viðunnandi hátt og hefur áfanginn ávallt verið kenndur á haustönn síðan.

### **Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu i kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið var að geta skoðað ólík viðhorf nemenda til kynheilbrigðis og kynjafræði og sjá svart á hvítu að viðhorf eftir önnina hjá sumum nemendum áfangans breyttust til muna á jákvæðan hátt. Í umræðuhópum kom fram hjá sumum nemendum í upphafi, þá sérstaklega karlkyns nemendum, neikvætt viðhorf við öllu þessu „femínista kjaftæði“. Slík viðhorf virtust breytast þegar leið á lok áfangans en þá voru nemendur betur farnir að gera sér grein fyrir því að *femínisti* er samkvæmt skilgreiningu „...karl eða kona sem veit að jafnrétti kynjanna hefur ekki verið náð og vill

*gera eitthvað í því.*“ Einnig voru nemendur meira meðvituð um áhrif, auglýsinga, tónlistarmyndbanda og annarra miðla sem ýta undir staðalmyndir um hvernig æskilegt sé að kynin hagi sér. Annar stór ávinningur er að áfanginn verður kenndur áfram með þessu formi. Undirrituð tók einnig ákvörðun um að mennta sig nánar á þessu sviði ásamt kennslu til að geta fylgt eftir þeirri vinnu sem nú þegar hefur verið framkvæmd. Sækir hún áfanga í hagnýttri jafnréttisfræðslu í Háskóla Íslands. Stefnt er að gera könnun um ágæti áfangans sem hluta af því námi.

### **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn. Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?**

Verkefnið gekk vel í heild sinni þrátt fyrir veikindi, aðrar upptökur í framhaldsskólaumhverfinu og smávægilegar breytingar á upphafsmarkmiðum. Áfanginn hefur verið kenndur nokkrum sinnum og hefur alltaf verið vel sóttur af nemendum og mikil ánægja er með hann. Einnig var skýr viðhorfsbreyting hjá sumum nemendum sem höfðu verið með neikvæða sýn á femínistahugtakið. Síðast en ekki síst þá voru þó nokkrir nemendur sem töldu sig horfa á annan hátt á samskipti kynjanna og virðingu fyrir eigin og annarra líkama. Sú mikla umræða í skólanum um kynvitund þegar áfanginn er kenndur er líka góður vitnisburður um að markmið áfangans hefur náðst.

### **Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?**

Undirrituð telur það vera til marks um mikilvægi áfangans að hann verður einn af fimm skylduáföngum sem nemendur á félagsfræðabraut taka á 2 þrepi í nýrri námsskrá skólans og valáfangi fyrir aðra nemendur í skólans. Verkefnið mun þar af leiðandi halda áfram og vera hluti af kjarna félagsfræðabrautar og valáfangi fyrir aðra nemendur.

### **Hefur verkefnið eða mun það hafa áhrif á skólastarfið í heild/ Niðurstöður verkefnisins**

Áfanginn hefur haft mjög jákvæð áhrif á skólastarfið og það er mat kennara að þegar þessi áfangi er kenndur sé umræðan mun meiri meðal nemenda um kynvitund og jafnrétti. Nemendur verða meðvitaðri um nærumhverfi sitt, umræðan meiri og upp vakna spurningar sem gerir það að verkum að nemendur fara að afla sér upplýsinga til að geta tekið þátt í umræðum. Niðurstöðurnar eru helst þær að áfangi sem þessi er mjög mikilvægur og var áhugavert að fá að heyra frá nemendum um viðhorf og viðbrögð þeirra við áfanganum.

### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Í upphafi verkefnisins var farið í það að kanna allt það efni sem tengist þeim þáttum sem ákveðið var að kenna í áfanganum og námsefni samhliða því búið til. Eftir þá vinnu var efninu skipt í þrjár kennslulotur. Í fyrstu lotu var fjallað um kynvitund, femínista, karlmennsku, kvenleika, kynjaskekkju og jafnrétti. Í annarri lotu var fjallað um kynbundið ofbeldi, klám, vændi og mannsal. Í þriðju lotu var svo fjallað um samfélagið, vinnumarkaðinn, fjölmiðla og stjórnsmál. Náms efnið er að miklu leyti uppbyggt á umræðunni í samfélaginu hverju sinni og það sem liggur nemendum á brjósti. Áfanginn hefur verið kynntur fyrir nemendum og kennurum skólans og kenndur nokkrum sinnum. Á

kennarafundi hélt verkefnisstjóri erindi og kynningu um áfangann og áherslur hans. Það hefur einnig sýnt sig að nemendur hafa áhuga á að skrá sig í kynjafræði þannig að þessi áfangi er kominn til að vera. Til marks um mikilvægi áfangans verður hann einn af fimm skylduáföngum sem nemendur á félagsfræðabraut taka á öðru þrepi í nýrri námsskrá skólans og valáfangi fyrir aðra nemendur í skólans.

**Rekstrarreikningur** : Sjá viðhengi

Dags. 4. desember 2015

Hulda Hlín Ragnars

Hulda Hlín Ragnars, verkefnisstjóri

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari FB